



HEST1GF05

Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Vorönn 2025

Hestamennska bóklegt II

Kennari:	Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir	Sk.st.	ÁFG
----------	-----------------------------	--------	-----

HEST1GF05 – Hestamennska bóklegt II – Grunnur í hestamennsku framhald

Lýsing: Meginviðfangsefni áfangans er að kenna áframhaldandi grunnatriði í hestamennsku sem og grunnhugtök, skilgreiningar, siðareglur og lögmál greinarinnar. Kennd er almenn þróunarsaga hestsins (equus) ásamt uppruna og sögu íslenska hestsins. Viðhorf manns og hests, líkamstjáningu hestsins, hvernig hann lærir, hugsar og bregst við áreiti. Minni og námsgeta hestsins, athygli og einbeitingarhæfni. Mikilvægi umbunar og algengustu leiðir til þess að umbuna hesti. Ástæður þess að hestur skilur ekki og hvernig bregðast megi við því. Frekari áhersla er lögð á ábendingar, virkni og notkun þeirra. Fyrstu stig fimíæfinga, þ.e. að vinna við hönd, kyssa ístöð og sveigjustopp. Ítarleg umfjöllun um notkun reiðvalla, reiðleiðir, merkingar og umferðarreglur. Rétt taumhald og notkun mismundi taumábendinga. Einfaldar gangskiptingar og framkvæmd þeirra. Útreiðar og þjálfun á víðavangi, forsendur og ávinning.

Forkröfur: HEST1GR05, REIM1GR05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum og skilgreiningum greinarinnar.
- helstu siðareglum og lögmálum greinarinnar.
- almennri þróunarsögu hestsins (equus).
- uppruna- og sögu íslenska hestsins.
- grunnatriðum í skipulagi félagskerfis hestamennsku sem áhugamáls.
- viðhorfi manns og hests, líkamstjáningu hestsins, hvernig hann lærir, hugsar og bregst við áreiti, sbr. áreiti, svörun, afleiðing.
- minni og námsgetu hestsins, athygli og einbeitingarhæfni.
- mikilvægi umbunar og algengustu leiðir til þess að umbuna hesti.

- ástæðum þess að hestur skilur ekki og hvernig bregðast megi við því.
- ábendingum, virkni og notkun þeirra.
- æfingunni áfram og stopp.
- fyrsta stigi fimiæfinga, þ.e. að vinna við hönd, kyssa ístöð, sveigjustopp og upphaf hliðargangsæfinga.
- notkun reiðvalla, reiðleiðir, merkingar og umferðarreglur.
- réttu taumhaldi og notkun mismundi taumábendinga.
- einföldum gangskiptingum og framkvæmd þeirra.
- útreiðum og þjálfun á víðavangi, forsendur og ávinning.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig í ræðu og riti um áframhaldandi grunnatriði fagsins.
- Leggja rétt mat á einfaldar aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verklag.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með og taka þátt í almennum umræðum um stöðu og framtíð greinarinnar.
- geta tjáð sig í ræðu og riti um einfaldar aðferðir og hugtök í faginu.
- geta fylgt leiðbeinandi reglum um öryggismál og hollustuhætti á vinnustað.
- hafa þroska til að íhuga og meta sjónarmið annarra.
- vera meðvitaður um eigin stöðu og færni og nálgast fag sitt af virðingu og ábyrgð.
- geta unnið sjálfstætt og af öryggi með grunnþætti í faginu.
- geta tekið réttar ákvarðanir miðað við aðstæður.

Námsefni:

Nemendur hafi kennslubókina Knapamerki 2 (Reykjavík 2012, nýja útgáfa gormabók) í náminu og nauðsynlegt að hafa hana með í kennslustund, einnig er bókin Hrossafræði Ingimars notuð í kennslu. Annað efni frá kennara í formi ljósrita, sýninga myndbanda, efni af netinu og annað. Nemendur þurfa að hafa tölvu í náminu og skila ýmsum verkefnum á Innu. Kennari mun nýta sér Innu að koma verkefnum og öðrum skilaboðum til nemenda.

Námsmat:

Námsmat er fjölbreytt og felst meðal annars í ýmsum verkefnum, hópverkefnum, prófum, jafningjamati og sjálfsmati. Áfanginn er símatsáfangi og nemandi þarf að ná meðaleinkunn 5 samanlagt úr öllum verkefnum og prófum til að standast áfangann. Það verða í allt 3 kaflapróf á önninni og ef meðaleinkunn úr þeim er undir 7,5 tekur nemandi samantektarpróf í lok annar. Ef nemandi mætir ekki í kynningu verkefna, kaflapróf og önnur próf vegna veikinda eða annara orsaka þarf að sýna fram á votorð til að eiga rétt á sjúkraprófi.

Fyrirkomulag námsmats Vorönn 2025 :

Verkefni	Lýsing og námsmat	Vægi
Vetrarleikar	Nemendur sjá um að halda Vetrarleika FSu	15 %
Verkefni (1 -2)	Einstaklings eða Hópverkefni	20 %
Kaflapróf 1	Kaflapróf 1 – KM 2	15 %
Kaflapróf 2	Kaflapróf 2 – KM 2	15 %
Kaflapróf 3	Kaflapróf 3 – KM 2 og annað efni	15 %
Kennaraeinkunn	Virkni í tímum og verkefnavinna	10 %
Mæting	Mætingareinkunn	10 %
Próf	Samantektarpróf (meðaleinkun undir 7,5)	-

Samtals = 100%

A.T.H. Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar eftir framvindun náms og öðrum þáttum.

Áætlaðar dagsetningar á vorönn 2025 :

Vika nr	Dagsetning	Viðfangsefni
3	13 - 19. Janúar	Kynning og kennsluáætlun - 7. Kafli / Reiðvöllurinn – Verkefni
4	20 -26. Janúar	6. Kafli – Vinna við hönd, Kyssa ístöð og sveigjustopp
5	27. Jan – 2. Febrúar	5. Kafli – Áfram – Stopp. / Gera stutta kynningu úr bók eða Eiðfaxablaði
6	3 – 9. Febrúar	3. Kafli – Viðhorf manns og hests (Kaflapróf 1)
7	10 - 16. Febrúar	4. Kafli – Ábendingar Vorfrí 14. Febrúar
8	17 – 23. Febrúar	8. Kafli – <i>Taumhald og taumábendingar</i> Verkefni > (einstaklings eða 2 – 3 í hóp)
9	24. Feb – 2. Mars	9. Kafli – Gangskiptingar (Kaflapróf 2) Miðannnarmat - 28. Febrúar
10	3 – 9. Mars	Undirbúningur fyrir Vetrarleika - 2. kafli Saga Íslenska hestsins
11	10 – 16. Mars	Undirbúningur fyrir Vetrarleika 1. Kafli – Þróunarsaga hestsins (Knapamerki 2 og Hrossafræði Ingimar)
12	17 – 23. Mars	Undirbúningur fyrir Vetrarleika Fsu. Kátir dagar 19 og 20 Mars - Vetrarleikar Fsu - Flóafár 21. Mars
13	24 – 30. Mars	10. kafli – Útreiðar á víðavangi / Verkefnavinna
14	31. Mars – 6. Apríl	Íslenski hesturinn og önnur hestakyn – Horfa á myndbönd (Kaflapróf 3)
15	7 -13. Apríl	6 Kafli KM 3 – Að víkja og baugavinna Páskafrí hefst 12. Apríl til 21. Apríl
16	14 – 20. Apríl	Páskafrí
17	21 -27. Apríl	Páskafrí 21. Apríl Verkefnavinna Kennsla, 22, 23 og 25 Apríl Frí – Sumardagurinn fyrsti 24. Apríl
18	28. Apríl – 4. Maí	Hestakyn – Kynningar hjá nemendum í skólastofu 1. Maí – Frídagur og Dagur hestsins Íslenska
19	5 – 11. Maí	Verkefnavinna – Vetvangsferð
20	12 - 18. Maí	Síðasta kennsluvika vorannar (síðasta kennslustund 15. maí) PRÓF – samantekt
21	19 - 25. Maí	Prófavika
22	26. Maí – 1. Júní	Sjúkrapróf - Námsmat Brautskráning Fsu 28. maí